GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitufélag Hjallasóknar.

1. gr.

Vatnsveitan lætur af hendi neysluvatn á veitusvæði sínu eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og samþykktum veitunnar.

2. gr.

Hvert lögbýli á veitusvæðinu sem tengist veitunni greiðir stofngjald kr. 142.264. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús. Ef ný íbúðarhús á lögbýlum félagsmanna tengjast veitunni í viðbót við þau sem fyrir eru, er aðeins hálft stofngjald greitt, kr. 71.132. Nýr notandi skal kosta allar framkvæmdir sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

3. gr.

Félagsstjórn er heimilt að veita sumarbústöðum aðgang að vatni veitunnar gegn eftirtöldum skilyrðum:

a. Greitt sé stofngjald kr 56.906 og skal það innt af hendi áður en framkvæmdir við lagnir hefjast.
b. Vatnsveitufélag Hjallasóknar sér um lagningu 25 mm heimæðar í tengibrunn innan við lóðarmörk og sér um viðhald hennar.
c. Sumarbústaðareigandi kostar útbúnað í tengibrunn og viðhald, 20 mm lögn í sumarbústað og viðhald hennar.
d. Allur búnaður og frágangur skal vera eftir fyrirsögn veitustjórnar og skal fulltrúi hennar taka út frágang áður en mokað er yfir. Veitustjórn er heimilt að leggja frá tengibrunni við sumarbústað að öðrum sumarbústöðum í nágrenni. Í slíkum tilfellum skal það tryggt að afkastageta heimæðar frá stofni að brunni sé nægjanleg.

4. gr.

Vatnsgjald er heimilt að leggja á alla notendur á veitusvæðinu. Skal það nægja til greiðslu rekstrarkostnaðar og viðhalds á mannvirkjum veitunnar. Heimilt er að beita fjárnámi til innheimtu vatnsgjalds ásamt áföllnum innheimtukostnaði ef ekki er staðið í skilum. Einnig er félagsstjórn heimilt að beita lokunaraðgerðum við innheimtu stofngjalda og vatnsgjalds.

5. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá skal endurskoða á hverju ári á aðalfundum félagsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Hjallasóknar í Ölfushreppi, staðfestist hér með samkvæmt 104. gr. vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.